

## Greiðsluafkoma ríkissjóðs árið 2007

**Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir árið 2007** liggur nú fyrir. Handbært fé frá rekstri nam tæpum 61 ma.kr. sem er 4,7 ma.kr. lakari útkoma en árið á undan. Hreinn lánsfjárfjöfnumður er neikvæður um 2,1 ma.kr. samanborið við 25 ma.kr. lánsfjárhalla árið 2006. Fjármunahreyfingar námu 63 ma.kr. og skýrast af kaupum á eignarhluta í Landsvirkun að fjárhæð 30,3 ma.kr. og eiginfjárframlagi til Seðlabanka Íslands að fjárhæð 44 ma.kr. Á móti því vegur sala eigna og innheimta veittra lána.

### *Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar – desember 2005– 2007*

	Í milljónum króna				
	2003	2004	2005	2006	2007
Innheimtar tekjur	259 783	280 696	399 289	381 336	452 673
Greidd gjöld	268 714	280 382	308 382	314 716	369 583
<b>Tekjujöfnumður</b>	<b>-8 931</b>	<b>315</b>	<b>90 905</b>	<b>66 619</b>	<b>83 090</b>
Söluhagn. af hlutabr. og eignahl.	-10 177	-	-57 605	- 384	-6 170
Breyting viðskiptahreyfinga	9 836	- 607	-1 286	- 516	-15 962
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>-9 272</b>	<b>- 292</b>	<b>32 014</b>	<b>65 719</b>	<b>60 958</b>
<b>Fjármunahreyfingar</b>	<b>21 115</b>	<b>22 700</b>	<b>49 874</b>	<b>-91 154</b>	<b>-63 102</b>
<b>Hreinn lánsfjárfjöfnumður</b>	<b>11 843</b>	<b>22 408</b>	<b>81 888</b>	<b>-25 435</b>	<b>-2 144</b>
<b>Afborganir lána</b>	<b>-30 702</b>	<b>-32 477</b>	<b>-62 305</b>	<b>-46 097</b>	<b>-33 837</b>
Innanlands	-18 252	-7 291	-14 596	-23 223	-22 505
Erlendis	-12 450	-25 186	-47 709	-22 873	-11 332
<b>Greiðslur til LSR og LH</b>	<b>-7 500</b>	<b>-7 500</b>	<b>-5 482</b>	<b>-4 000</b>	<b>-12 500</b>
<b>Lánsfjárfjöfnumður, brúttó</b>	<b>-26 359</b>	<b>-17 569</b>	<b>14 101</b>	<b>-75 531</b>	<b>-48 481</b>
<b>Lántökur</b>	<b>24 749</b>	<b>25 867</b>	<b>10 234</b>	<b>115 713</b>	<b>58 939</b>
Innanlands	28 334	9 740	10 234	25 892	58 754
Erlendis	-3 584	16 127	-	89 821	185
<b>Breyting á handbæru fé</b>	<b>-1 610</b>	<b>8 298</b>	<b>24 335</b>	<b>40 182</b>	<b>10 457</b>

**Innheimtar tekjur ríkissjóðs** árið 2007 námu 452,7 ma.kr. sem er 18,7% aukning frá fyrra ári. Þar af námu skatttekjur og tryggingagjöld 395,7 ma.kr. sem er 11,7% aukning frá fyrra ári og samsvarar raunaukningu um 6,4% miðað við hækkun almenns verðlags. Aðrar rekstrar-tekjur aukast um 43,2% en þær skýrast einkum af vaxtatekjum og sölu vöru og þjónustu.

Skattar á tekjur og hagnað námu 144,6 ma.kr. sem nemur 14,6% aukningu frá árinu 2006. Þar af vegur tekjuskattur einstaklinga mest og nam hann 84,1 ma.kr. og jókst um 7,5% frá fyrra ári. Tekjuskattur lögaðilla nam 35,4 ma.kr. og var vöxturinn hóflegur á árinu, eða sem samsvarar 12,7%, eftir mjög mikinn vöxt í tvö ár þar á undan. Skattur af fjármagnstekjum nam 25,2 ma.kr. og jókst um 51,7% á árinu. Eignarskattar jukust um 27,7% á árinu og námu 11,7 ma.kr., þar af námu stimpilgjöld 9,3 ma.kr.

Innheimta veltuskatta gefur nokkuð góða mynd af þróun innlendar eftirspurnar. Hún nam 191,8 ma.kr. á sl. ári og jókst um 9,2% frá fyrra ári eða sem nemur 4% að raunvirði eftir að

tekið hefur verið tillit til hækkunar vísitölu neysliverðs. Stærsti hluti veltuskatta eru tekjur af virðisaukaskatti sem nam 135,4 ma.kr. og jókst um 10,6% á milli ára eða 5,3% að raunvirði. Áfengis- og tóbaksgjald og fleiri vörugjöld fylgdu verðlagsþróun að mestu. Vörugjöld af ökutækjum jukust um 2,4% að raunvirði og olíugjaldið um 6% en vörugjöld af bensíni drógust saman um 2,9% að raunvirði.

Af öðru má nefna að tekjur vegna tolla og aðflutningsgjalda jukust um 26,9% á milli ára og námu 5,3 ma.kr. og innheimt tryggingargjöld jukust um 5,2% og námu 39,2 ma.kr. Þá voru tekjur af sölu eigna alls 20 ma.kr. á árinu en þar af voru bókfærðir 12,8 ma.kr. í desember vegna sölu mannvirkja á fyrrum varnarsvæðinu við Keflavíkurflugvöll.

### **Tekjur ríkissjóðs janúar - desember 2005–2007**

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2005	2006	2007	2005	2006	2007
<b>Skatttekjur og tryggingagjöld</b>	<b>314 820</b>	<b>354 209</b>	<b>395 666</b>	<b>20,7</b>	<b>12,5</b>	<b>11,7</b>
<b>Skattar á tekjur og hagnað</b>	<b>101 341</b>	<b>126 192</b>	<b>144 637</b>	<b>22,8</b>	<b>24,5</b>	<b>14,6</b>
Tekjuskattur einstaklinga	69 056	78 228	84 101	10,3	13,3	7,5
Tekjuskattur lögaðila	15 384	31 369	35 366	40,9	103,9	12,7
Skattur á fjármagnstekjur	16 901	16 595	25 170	88,3	-1,8	51,7
<b>Eignarskattar</b>	<b>14 906</b>	<b>9 172</b>	<b>11 712</b>	<b>23,7</b>	<b>-38,5</b>	<b>27,7</b>
<b>Skattar á vöru og þjónustu</b>	<b>161 210</b>	<b>175 692</b>	<b>191 834</b>	<b>20,4</b>	<b>9,0</b>	<b>9,2</b>
Virðisaukaskattur	111 205	122 400	135 381	22,1	10,1	10,6
Vörugjöld af ökutækjum	10 250	10 230	11 005	68,8	-0,2	7,6
Vörugjöld af bensíni	8 783	8 995	9 168	5,6	2,4	1,9
Skattar á olíu	4 015	6 553	7 292	-31,1	63,2	11,3
Áfengisgjald og tóbaksgjald	10 560	11 371	11 949	3,4	7,7	5,1
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	16 397	16 142	17 040	32,4	-1,6	5,6
<b>Tollar og aðflutningsgjöld</b>	<b>3 474</b>	<b>4 170</b>	<b>5 292</b>	<b>13,8</b>	<b>20,0</b>	<b>26,9</b>
<b>Aðrir skattar</b>	<b>1 641</b>	<b>1 758</b>	<b>3 024</b>	<b>13,3</b>	<b>7,2</b>	<b>72,0</b>
<b>Tryggingagjöld</b>	<b>32 249</b>	<b>37 226</b>	<b>39 167</b>	<b>16,2</b>	<b>15,4</b>	<b>5,2</b>
<b>Fjárframlög</b>	<b>760</b>	<b>1 668</b>	<b>1 868</b>	<b>8,6</b>	<b>119,6</b>	<b>12,0</b>
<b>Aðrar tekjur</b>	<b>25 189</b>	<b>24 506</b>	<b>35 104</b>	<b>34,0</b>	<b>-2,7</b>	<b>43,2</b>
<b>Sala eigna</b>	<b>58 519</b>	<b>953</b>	<b>20 035</b>	<b>-</b>	<b>-</b>	<b>-</b>
<b>Tekjur alls</b>	<b>399 288</b>	<b>381 336</b>	<b>452 673</b>	<b>42,2</b>	<b>-4,5</b>	<b>18,7</b>

**Greidd gjöld ríkissjóðs** námu 369,6 ma.kr. á árinu 2007 og jukust um 54,9 ma.kr. milli ára eða rúm 17%. Almenn opinber þjónusta nam 52,3 ma.kr. og var hækkunin 38,2% milli ára. Útgjöld til almannatrygginga- og velferðarmála nema 86,6 ma.kr og hækka um rúm 18% frá fyrra ári. Þar undir falla lífeyristryggingar sem nema 38,7 ma.kr. og hækka um 7 ma.kr. milli ára og einnig barnabætur sem námu tæpum 8 ma.kr. og jukust um 2,1 ma.kr. Fæðingar- orlofsgreiðslur hækkuðu um 1,5 ma.kr og námu 7,9 ma.kr. Útgjöld til efnahags- og atvinnu- mála nema 52,8 ma.kr. og er aukningin 9 ma.kr. milli ára. Útgjöld til heilbrigðismála voru 93,3 ma.kr. og jukust um 8,5 ma.kr. Útgjöld til menntamála nema 37,8 ma.kr. og er aukningin á milli ára 3,3 ma.kr.

**Gjöld ríkissjóðs janúar - desember 2005–2007**

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %	
	2005	2006	2007	2006	2007
Almenn opinber þjónusta	...	37 817	52 259	...	38,2
þar af vaxtagreiðslur	...	9 884	17 090	...	72,9
Varnarmál	...	606	977	...	61,2
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	...	13 784	15 802	...	14,6
Efnahags- og atvinnumál	...	43 708	52 759	...	20,7
Umhverfisvernd	...	3 356	4 040	...	20,4
Húsnæðis- skipulags- og veitumál	...	402	544	...	35,2
Heilbrigðismál	...	84 836	93 314	...	10,0
Menningar-, íþrótt- og trúmál	...	13 890	15 906	...	14,5
Menntamál	...	34 539	37 837	...	9,5
Almannatryggingar og velferðarmál	...	73 294	86 628	...	18,2
Óregluleg útgjöld	...	8 484	9 518	...	12,2
<b>Gjöld alls</b>	<b>308 382</b>	<b>314 716</b>	<b>369 583</b>	<b>2,1</b>	<b>17,4</b>

**Lánsfjárförf ríkissjóðs** nam 48,5 ma.kr. á árinu 2007 en hrein lánsfjárförf var 2,1 ma.kr. Afborganir lána voru 33,8 ma.kr., þar af hefur 11,3 ma.kr. verið varið til uppgreiðslu erlendra lána. Heildarlántökur tímabilsins nema 58,9 ma.kr. og er allt tekið að láni innanlands. Lántökurnar skýrast af skuldabréfaútgáfu í tengslum við kaup ríkisins á 50% hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun að fjárhæð 26,9 ma.kr. og útgáfu á ríkisbréfum og ríkisvixlum.